**Haraldur Guðjónsson**
**Lögg. fasteignasali**
**GSM: 783 1494**
**Borðsími : 512 3494**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

# SÖLUUMBOÐ

**Samningur um söluþjónustu fasteignasala**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn: | Dalabyggð | Nafn: | |
| kt.: | 510694-2019 | Kt.: | |
| Sími: | | GSM: | |
| Netfang: | sveitarstjori@dalir.is | Netfang: | |

hér eftir nefnd/nefndur/nefndir **eigandi/eigendur** neðangreindrar fasteignar

| | |
|---|---|
| Fasteign: Ægisbraut 2, Dalabyggð | Fastanúmer.: 211-7383 |

veitir/veita hér með **Guðrúnu Huldu Ólafsdóttur löggiltum fasteignasala, hdl. og Haraldi Guðjónssyni löggiltum fasteignasala f.h. fasteignasölunnar BÆR, þ.e. Bæjarfasteignir ehf. Kt 430709-0970** fullt umboð til þess að leita eftir tilboðum í framangreinda eign. Þá veitir **eigandi** framangreindum aðila eða öðrum löggiltum fasteignasala á vegum **Fasteignasölunnar BÆR**, umboð til að semja kaupsamning og afsal, skuldabréf, umboð og aðra löggerninga sem tengjast sölu framangreindrar eignar, og jafnframt að afla allra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um stöðu áhvílandi veðskulda á eigninni hjá skuldareigendum eða innheimtuaðilum.

## SKULDBINDING Fasteignasölunnar BÆR

Við störf fyrir **eiganda** skv. framangreindu, skuldbindur starfsfólk **Fasteignasölunnar BÆR** sig til að fara í einu og öllu eftir þeim lögum sem gilda um starfsemi fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, nú lög nr. 70/2015 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

## SÖLUÞÓKNUN

Framangreind fasteign er sett í **einkasölu** hjá **Fasteignasölunni BÆR** og skal söluþóknun vera **2,0 %** af söluverði eignar að viðbættum **24% virðisaukaskatti** sem greiðist við kaupsamning. **Lágmarkssöluþóknun er kr. 400.000- að viðbættum 24% vsk**

**Eignin er sett í einkasölu**

Hafi **eigandi** komist í samband við tilboðsgjafa fyrir milligöngu sölufulltrúa **Fasteignasölunnar BÆR**, skuldbindur **eigandi** sig til að hlíta ákvæðum söluumboðs þessa um söluþóknun.

## AUGLÝSINGAR OG ANNAR KOSTNAÐUR

**Fasteignasalan BÆR** stendur straum af kostnaði sem til fellur vegna markaðssetningar eignarinnar meðan söluumboð þetta er í gildi. Blaðaauglýsingar eru ekki innifaldar í söluþóknun. Skiptingu á kostnaði vegna þeirra er samkomulagsatriði milli seljenda og fasteignasala.
Seljandi samþykkir að greiða allan áfallinn og útlagðan kostnað fasteignasala verði söluumboði þessu sagt upp.
Seljandi greiðir allan útlagðan og áfallinn kostnað sölufulltrúa, löggilts fasteignasala og fasteignasölu, og kostnað vegna gerðar umboða og veðleyfa. Útlagður kostnaður telst m.a. kostnaður vegna öflunar gagna frá opinberum aðilum, svo sem vegna veðbókarvottorða, teikninga og annarra gagna. Kostnaður við að sækja framangreind gögn vegna skráningar, undirbúnings vegna kaupsamnings og afsals er ákveðinn **kr. 37.000 auk VSK.**

## GILDISTÍMI SÖLUUMBOÐS OG UPPSÖGN

Söluumboð þetta gildir þar til framangreind eign er seld. Sé söluumboði þessu sagt upp skal seljandi greiða allan kostnað vegna markaðssetningar eignarinnar. Heimilt er að segja upp söluumboði þessu af beggja hálfu með **40 daga fyrirvara** og tekur uppsögn gildi þegar hún hefur borist viðkomandi aðila með sannanlegum hætti.

**Eigandi staðfestir með undirritun sinni að framangreind fasteign sé ekki skráð á einkasölu hjá öðrum fasteignasala.**
Söluumboð þetta er í samræmi við 9 grein laga nr 70/2015 um sölu fasteigna og skipa.
**Rísi mál út af söluumboði þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness.**

Búðardalur 4.11.2019
Staður og dagsetning

**Söluprósenta er 2,0 % + vsk. Gagnaöflunargjald kr. 37.000 + vsk**

Eigandi:

F.h. Fasteignasölunnar Bær:

Haraldur Guðjónsson
löggiltur fasteigna-
fyrirtækja- og skipasali
Kt. 011053-2549

Haraldur Guðjónsson